

Fundargerð 415. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2019, fimmtudaginn 26. september kl. 17:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Finnsbúð 11 í Porlákshöfn.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Lúðvík Geirsson, Björn Arnaldsson og Rebekka Hilmarsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Áður en fundur hófst bauð formaður Rebekku velkomna á sinn fyrsta fund í stjórn hafnasambandsins.

1. Fundargerð 414. fundar - 1901002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 414. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 28. ágúst 2019.

Fundargerðin staðfest.

2. Dagatal stjórnar hafnasambandsins fyrir árið 2020 - 1901002HA

Lagt fram dagatal stjórnar Hafnasambands Íslands fyrir árið 2020. Starfsmanni falið að lagfæra dagatalið m.v. umræður á fundinum og senda á stjórnarmenn.

Dagatal stjórnar samþykkt með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum. Starfsmanni falið að senda dagatalið á stjórnina.

3. Dagskrá hafnafundar 2019 - 1901003HA

Lögð fram til kynningar dagskrá hafnafundar 2019 sem haldinn verður í Porlákshöfn 27. september nk.

4. Siglingaráð - 1712003HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 17. fundar siglingaráðs frá 20. júní 2019.

5. Skýrsla um úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2018 - 1909001HA

Lögð fram skýrslan Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2018 sem hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman.

Stjórn þakkar Sigurði fyrir skýrsluna sem verður kynnt á hafnafundi 27. september.

6. Skipun í faghóp hafnsögumanna og skipstjóra - 1908002HA

Tekin upp að nýju umræða um að stofna faghóp fyrir hafnsögumenn og skipstjóra, sem áður var á dagskrá stjórnar hafnasambandsins 28. ágúst 2019, en þá var ákveðið að finna fulltrúa í slíkan hóp og taka málið aftur upp á næsta fundi.

Erindisbréfið samþykkt og einnig samþykkt að skipa Jóhannes Antonsson, frá Hafnasamlagi Norðurlands, Árna Bergþór Kjartansson, frá Fjarðabyggðahöfnum, Vigni Júlíusson frá Hornafjarðarhöfn og Hjört Jónasson, frá Faxaflóahöfnum, í faghópinn. Jafnframt samþykkt að Hjörtur verði oddviti hópsins.

7. Rammasamningur um hugbúnaðarlausnir Klappa ásamt viðauka I - 1903002HA

Lagður fram til kynningar rammasamningur milli Hafnasambands Íslands og Klappir Grænar lausnir hf., dags. 27. september 2019, um hugbúnaðarlausnir Klappa. Einnig lagt fram sýnishorn af viðauka I, þjónustusamningi fyrir hafnir. Verkefnið verður kynnt á hafnafundi 27. september nk.

Stjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur formanni að skrifa undir samninginn á hafnafundi.

Fundi var slitið kl. 18:45

Gísli Gíslason

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Lúðvík Geirsson

Björn Arnaldsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Valur Rafn Halldórsson